



ERINDISBRÉF

Verkefnahópur um flutning verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt.

Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti tillögu borgarstjóra, dags. 14. febrúar 2023, um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur sbr. 4. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. mars 2023. Tillagan fól í sér að flytja lögbundin verkefni og viðeigandi safnkost til Þjóðskjalasafns Íslands, og var þjónustu- og nýsköpunarsviði falið að fylgja ákvörðuninni eftir.

Hlutverk:

Til að tryggja skilvirka framkvæmd og framgang flutning verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns hefur verkefnahópur verið skipaður til að sinna ákveðnum verkefnum og ábyrgðum.

Helstu verkefni:

- Verkefnahópurinn hefur eftirlit með stöðu og framgangi verkefnisins og skráir í fundargerðir. Hópurinn fundar mánaðarlega og er efni fundanna eftirfarandi:
 - Staða verkefnisins, gjarnan sett fram sem hlutfall af heild.
 - Áskoranir í verkefninu eða hugsanleg ágreiningsmál.
 - Markmið í verkefni fram að næsta fundi.
 - Önnur mál.
- Fundargerðir skulu innihalda upplýsingar um framangreint.
- Verkefnahópurinn ber ábyrgð á að úrskurða um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd verkefnisins. Hópurinn skal leitast við að finna lausnir í samræmi við stefnu og markmið verkefnisins með sjónarmið beggja aðila að leiðarljósi.
- Verkefnahópurinn skal setja markmið fyrir næsta mánuð í samræmi við heildarstefnu og markmið verkefnisins. Markmið skulu vera skýr, mælanleg, raunhæf og tímaföst.

Verkefnahópurinn skipa:

Óskar J. Sandholt (formaður), sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Andrés Erlingsson, teymisstjóri Borgarskjalasafns.

Gunnar Björnsson, fjármálastjóri Borgarskjalasafns.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður.

Til vara:

Heiðar Linda Hansson, fagstjóri gagnaskila og eftirlits, þjóðskjalasafns.

Edda Jónsdóttir, verkefnastjóri á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Starfsmaður verkefnahópsins:



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Edda Jónsdóttir, verkefnastjóri á þjónustu- og nýsköpunarsviði sem jafnframt er staðgengill sviðsstjóra á fundum í fjarveru hans.

Starfstími:

Verkefnahópurinn starfar uns yfirfærslu verkefna er lokið en stefnt er að því að yfirfærslu verði lokið ekki síðar en í nóvember 2025.

Reykjavík, 4. september 2024

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs